

Fundargerð 313. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 313. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Teams 1.mars 2022.

Efni fundar:

1. Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2022
2. Markaðsátak innri og ytri markaðssetning
3. Ársreikningur – Áætlun 2022 - Aðalfundur
4. Stefnumótun – meginmarkmið – mælikvarðar
5. Fyrirmyndarfyrirtæki
6. Fréttir af faghópum
7. Fjárhagsstaða Stjórnvísí
8. Önnur mál
 - a. Hugmyndir að nýjum aðilum í stjórn Stjórnvísí
 - b. Hverjir ætla að bjóða sig fram aftur sem nú eru í stjórn félagsins.

| | | |
|---------------------------------|--------------------------|------------------------|
| Dags.fundur: 1.mars 2022 | Tími: 11:00-12:00 | Nr. fundar: 313 |
| Fundarboðari: SH | Fundarritari: GA | Staður: Teams |

Viðstaddir: Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Laufey Guðmundsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Steinunn Ketilsdóttir

Fjarverandi: Falasteen Abu Libdeh, Baldur Vignir Karlsson, Jón Gunnar Borgþórsson,

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- 1. Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2022.** Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí voru afhent við hátíðlega athöfn þann 15.febrúar sl. á Grand Hótel. Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson afahenti verðlaunin og flutti stutt ávarp. Formaður stjórnar Stjórnvísí Sigríður Harðardóttir setti fundinn og Borghildur Erlingsdóttir formaður dómnefndar las upp niðurstöður dómnefndar. Hátíðin stóð yfir í rétt rúmlega klukkustund, þá var myndataka og að henni lokinni spjölluðu gestir saman. Einungis verður boðið til afhendingarinnar þeim sem voru útnefndir ásamt gestum þeirra, dómnefnd og stjórn félagsins. Vel gekk að safna styrkjum fyrir hátíðina. Stjórn Stjórnvísí fundaði í framhaldi af hátíðinni og borðaði kvöldverð saman. Handhafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísí 2022 eru: Í flokki yfirstjórnenda Guðmundur Jóhann Jónsson forstjóri Varðar tryggingafélags. Í flokki millistjórnenda Jóhann B. Skúlason yfirmaður smitrakningarteymis almannavarna, Gunnur Líf Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri mannauðssviðs Samkaupa og Sigurjón Ólafsson sviðsstjóri þjónustu-og þróunarsviðs Hafnarfjarðarbæjar. Og í flokki framkvæðla Stefánía Bjarney Ólafsdóttir stofnandi og framkvæmdastjóri AVO. Mikil fjölmiðlaumfjöllun var í kjölfar verðlaunanna og upptökum af hátíðinni verið dreift víða og fengið gott áhorf.
- 2. Markaðsátak innri og ytri markaðssetning.** Gengur eins og í sögu – þvílíkur ofurkraftur í Vilborgu Ástu Árnadóttur sem vinnur í markaðsdeild Póstsins og tók að sér verkefnastjórn á markaðsherferðinni sem sérverkefni. Vilborg ætlar að skila skýrslu í lok herferðarinnar og fara

yfir hana. KIWI tafðist örlítið í vinnu við að texta myndböndin og einnig hefur Stefna þurft að koma að verkefninu ásamt Rakel sem hefur séð um hönnun á heimasíðu. Núna er allt orðið sýnilegt og formenn faghópa duglegir að deila efninu á samfélagsmiðlum.

- **Markaðsmál og sýnileiki Ósk Heiða, Stefán Hrafn, Haraldur.**

Hópurinn er búinn að hittast. 1. Ákváðu að varpa ljósi á þau fyrirtæki sem eru í félaginu nú þegar. Af hverju ertu að borga í Stjórnvísi? Styrkja vörumerkið með myndbandi. 2. Varpa ljósinu á fólk í faghópum, af hverju skiptir þetta máli og hvað ertu að fá út úr starfinu. (30 sek. Klippa). 3. Hvernig getum við fjölgað háskólanemum? 4. Búa til stutt myndbönd frá nokkrum stjórnnum faghópa með kynningu á hópnum. Hópurinn leitaði til KIWI varðandi 2 verkefni sem búið er að hrinda í framkvæmd. Nú er staðan sú að búið er að framleiða yfir 20 frábær myndbönd. Næsta verkefni er að fá KIWI til að texta myndböndin og aðstoða við markaðssókn.

Verkefni 1:

Eitt af markmiðum ársins er að fjölga fyrirtækjum í Stjórnvísi (stjornvisi.is). Verkefnið snýr að því að taka stutt stutt vitnisburðarmyndbönd af fólki sem starfar hjá fyrirtækjum sem eru í Stjórnvísi. Max 1 mín myndband, fyrir samfélagsmiðla (FB og LinkedIn), ljósmynd og kvót – til að nota t.d. í rafrænt fréttabréf og á FB síðu, 3-5 fyrirtæki heimsótt /eða mælt sér mót einhverstaðar þar sem mögulegt er að breyta aðeins um bakgrunn/sofa. Upphafs og endaskilti, smá mood og tónlist undir.

Verkefni 2:

Kynna Stjórnvísi í gegn um fólk sem í faghópum starfar, fólk sem skipurleggur starfið. Örstutt viðtal (eitt location) – one shoot 30-60 sem sem einn aðili kemur í mynd og segir stutt frá sínum verkefnum í félaginu. Ljósmynd og kvót til að nota sem t.d. FB post. Fyrirkomulagið gæti verið þannig að fólk er beðið um að bóka sig á fyrirfram ákveðin tíma á t.d. tveggja klukkustunda tíma glugga, þar sem þau koma inn og beint í upptöku. Út úr þessu kæmu t.d. 5-10 stutt myndbönd fyrir samfélagsmiðla kostun.

- 3. Ársreikningur – Áætlun 2022 - aðalfundur.** Stjórn félagsins fékk send drög að ársreikningi frá Íslenskum endurskoðendum ásamt yfirliti yfir lánadrottna, skuldunauta, ójafnaðar færslur og hreyfingarlista. Athugasemdir voru gerðar er varðar tekjur hjá fyrirmyndarfyrirtækjum, þær verið lagaðar og uppfærður ársreikningur verið sendur til skoðunarmanna. Skoðunarmenn eru búnir að skoða reikninginn og koma með athugasemdir er snúa að auknum upplýsingum inn í sjálfum ársreikningnum. Þessar upplýsingar eru allar inn í ársskýrslu félagsins ásamt ársreikningnum sjálfum. Íslenskir endurskoðendur munu bregðast við athugasemdum og skrifa inn í ársreikninginn að vísað sé til ársskýrslu félagsins. Áætlun ársins 2022 er inn á sameiginlegu drifi félagsins, þar er gert ráð fyrir tekjuafgangi upp á 1,3millj. eigið fé í árslok 2022 yrði þá 3,6millj. Stjórn Stjórnvísi samþykkti áætlun ársins 2022. Stjórnvísi er félag sem safnar ekki fé en mikilvægt er að eiga borð fyrir báru. Reikningar félagsins voru sendir út 5. janúar sl. með eindaga 10.janúar. Vel gengur að innheimta félagsgjöld.
- 4. Stefnumótun – meginmarkmið – mælikvarðar.** Um mánaðarmótin janúar/febrúar var send út á alla félagsmenn könnun á meginmarkmiðum Stjórnvísi. Í fyrra voru fundnir mælikvarðar á öll

meginmarkmið og er könnunin send út í annað sinn til að meta árangurinn og sjá hvort stefna félagsins sé í átt við breyttan veruleika. Niðurstaðan var rædd á fundinum og gefur sterklega til kynna að stjórn Stjórnvísí stýrir í samræmi við stefnu og gildi félagsins. Litlar breytingar urðu frá fyrra ári á niðurstöðum, einungis í auknum fjölda þátttakenda. Stjórn ætlar að nýta þessa könnun á fyrsta fundi nýrrar stjórnar til að búa til áhersluverkefni fyrir næsta starfsár.

5. **Fyrirmyndarfyrirtæki.** Strax eru farnar að berast fyrirspurnir varðandi fyrirmyndarfyrirtæki. Jón Gunnar Borgþórsson sér um verkefnið fyrir hönd félagsins. Því miður var Jón Gunnar ekki á fundinum en hann hefur staðið sig einstaklega vel í að senda pósta á fyrirtækin sem eru með viðurkenninguna og fljótlega verður send rukkun til þeirra.
6. **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Gríðarlega vel gengur að innheimta félagsgjöld 2022 og er búið að innheimta félagsgjöld fyrir um 25 millj. króna. en gert er ráð fyrir 27millj. króna í áætlun félagsins. Fjöldi nýrra fyrirtækja kom inn í janúar og febrúar.

7. Önnur mál.

- a. Innskráning með kennitölu og /eða netfangi í gegnum island.is er enn í fullum gangi og öll leyfi komin.

Fagráðsfundur var haldinn 4.janúar sl. Fagráð Stjórnvísí skipa eftirtalin:

Guðfinna S. Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri LS ráðgjöf (2021-2023)

Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís og stjórnarformaður Vottunar hf. (2020-2022)

Sigurjón Andrésón, forstöðumaður markaðsstjóri BL (2020-2022)

Þorkell Sigurlaugsson, viðskiptafræðingur (2021-2023)

Þórunn M. Óðinsdóttir, framkvæmdastjóri Intra ráðgjafar (2020-2022)

Hér koma helstu punktar af fagráðsfundi félagsins sem haldinn var þann 4.janúar 2022.

Allir í fagráði mættu á fundinn auk Sigríðar Harðardóttur formanns Stjórnvísí og Gunnhildar Arnardóttur framkvæmdastjóra. Fundurinn var haldinn á Teams í ljósi ástandsins. Fagráð hrósaði stjórn fyrir yfirskrift ársins „Nýtt jafnvægi“ og fyrir fagmannlega vinnu varðandi að breyta og þróast á fagmannlegan hátt og lifandi mælaborð. Spurt var hvenær farið yrði í næstu könnun/mælingu á markmiðum félagsins sem gert verður í lok janúar 2022.

Stjórn var hvött til að **setja sér töluleg markmið í mælaborði félagsins.** Vera í **meira samstarfi við Háskóla landsins**, hvað eru háskólarnir að gera, hvað er fram undan, halda fund um stofnun Framtakssjóðsins, auka nýsköpunarsamstarf á ýmsa vegu og halda fleiri fundir um upplýsingatækni. **Hvar ætlar Stjórnvísí að staðsetja sig**, hvaða stöðu ætlar Stjórnvísí að taka, hvað verður ofan á í framtíðinni, hvers konar hugmyndir höfum við um stjórnun? Hvernig tökum við okkur inn í þessa framtíð sem nýtir tæknina. Getur Stjórnvísí verið með **viðurkenningar í hverjum mánuði?** Draga fram **nýju hátæknifyrirtækin**, heyra frá **fyrirtækjunum í Íslensku ánægjuvuginni**, hvernig komumst við út út auðlindasamfélaginu og inn í velferðarsamfélagið. **Faghóparnir eru gullkista félagsins**, gullið er ekki grafið hjá Stjórnvísí heldur er það alltaf að dafna og fær að skína, allt er aðgengilegt bæði glærur og upptökur. Getur Stjórnvísí hafið **samstarfsverkefni með ríkissjóði** varðandi framleiðniaukningu því hjá Stjórnvísí eru tækin og tólin; lean – stefnumótun o.fl. **Fara yfir textann í Íslensku ánægjuvuginni.** Stjórnvísí vísar meira til faghópanna þar sem fjallað er um undirmálefni leiðtoganna sem stjórna samfélaginu. Hvernig getur Stjórnvísí storkað atvinnulífínu og **verið áhrifaafli** ekki bara í jafnlaunavottun. Stjórnvísí á að verða áhrifaafli en ekki félag til að efla stjórnun á high level í íslensku atvinnulífi. Við þurfum þá að breyta um stefnu og búa til umræðu um hvort við séum á réttri leið.

Stjórnvísí þarf að eiga skýra stefnu þegar dómstólar götunnar ráðast á félagið. Gætum við fengið gott fyrirtæki til að **fá almannatengil** og getum verið tilbúin ef/þegar eitthvað kemur og það sama á við um lögmenn. Þetta sé einhver sem við getum farið beint í. Einnig varðandi persónuverndarfulltrúa.

Hver er tilvistarlega nálgunin upp á framtíðina hjá Stjórnvísí – á að setja alvörumarkmið á verkefni. Ekki bara taka þátt heldur hafa áhrif. Stjórnin velti upp framtíðarmöguleikum út frá þessu. Öruggt að stjórnin á að taka upp þessa umræðu – hvað er skynsamlegt að gera? Enginn er með boltann, heldur allir með litla bolta. Að hvaða leiti vill Stjórnvísí skoða þetta?

Ætlar Stjórnvísí að taka U-beygju? Mikilvægt að vera viðbúin ef eitthvað kemur upp á á samfélagsmiðlum. Mikilvægt að fara yfir hvernig á að bregðast við.

Styrkur Stjórnvísí er fagmennska – að virkja fagmennskuna í félaginu er styrkurinn og aðalsmerki félagsins. Í 36 ár hafa ekki komið skítakúlur á okkur. Hlutirnir eiga ekki að koma okkur á óvart. Hvað varðar metnaðarfull mál þá er svo gott að geta virkjað faghópana og hafa hagsmuni að því. Oft byrjar verkefnið sem lítið verkefni og verður svo stærra eins og Íslenska ánægjuvögin.

Staða verkefna (áhersluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2021-2022 (þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau – mælikvarðar)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

1. Markaðsmál og sýnileiki Ósk Heiða, Stefán Hrafn, Haraldur.

Hópurinn er búinn að hittast. 1. Ákváðu að varpa ljósi á þau fyrirtæki sem eru í félaginu nú þegar. Af hverju ertu að borga í Stjórnvísí? Styrkja vörumerkið með myndbandi. 2. Varpa ljósinu á fólk í faghópum, af hverju skiptir þetta máli og hvað ertu að fá út úr starfinu. (30 sek. Klippa). 3. Hvernig getum við fjölgað háskólanemum? 4. Búa til stutt myndbönd frá nokkrum stjórnnum faghópa með kynningu á hópnum. Hópurinn leitaði til KIWI varðandi 2 verkefni sem búið er að hrinda í framkvæmd. Nú er staðan sú að búið er að framleiða yfir 20 frábær myndbönd. Næsta verkefni er að fá KIWI til að texta myndböndin og aðstoða við markaðssókn.

Verkefni 1:

Eitt af markmiðum ársins er að fjölga fyrirtækjum í Stjórnvísí (stjornvisi.is). Verkefnið snýr að því að taka stutt stutt vitnisburðarmyndbönd af fólki sem starfar hjá fyrirtækjum sem eru í Stjórnvísí. Max 1 mín myndband, fyrir samfélagsmiðla (FB og LinkedIn), ljósmynd og kvót – til að nota t.d. í rafrænt fréttabréf og á FB síðu, 3-5 fyrirtæki heimsótt /eða mælt sér mót einhverstaðar þar sem mögulegt er að breyta aðeins um bakgrunn/sofa. Upphafs og endaskilti, smá mood og tónlist undir.

Verkefni 2:

Kynna Stjórnvísí í gegn um fólkið sem í faghópum starfar, fólkið sem skipurleggur starfið. Örstutt viðtal (eitt location) – one shoot 30-60 sem sem einn aðili kemur í mynd og segir stutt frá sínum verkefnum í félaginu. Ljósmynd og kvót til að nota sem t.d. FB post. Fyrirkomulagið gæti verið þannig að fólk er beðið um að bóka sig á fyrirfram ákveðin tíma á t.d. tveggja klukkustunda tíma glugga, þar sem þau koma inn og beint í upptöku. Út úr þessu kæmu t.d. 5-10 stutt myndbönd fyrir samfélagsmiðla kostun.

Mælikvarðar:

2. Stuðningur við stjórnir faghópa Falasteen, Baldur Vignir, Steinunn.

Hópurinn hittist og skiptust á hugmyndum en á eftir að festa betur á blað hvað verði gert. Það sem m.a. kom fram var að hafa mánaðarlega fundi með stjórnnum faghópa – hvað er verið að gera vel og hvað má betur fara. Ræddu hvort þau ættu að mæta á viðburðina þ.e. einn úr stjórn myndi mæta á alla fundi til að ná betri yfirsýn. Ætla að funda fljótlega og fylgja eftir markaðssókn.

Mælikvarðar:

- i. Fjölgun viðburða oo
- ii. Fjölgun félaga á fundum oo
- iii. Aukning á virkni faghópa oo
- iv. Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- v. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- vi. Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- vii. Hækkun á NPS skori oo
- viii. Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- ix. Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- x. Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- xi. Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
 1. Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.
- xii. Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- xiii. Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
 1. Myndbönd
 2. Stafræn fræðsla

3. Útrás Laufey, Sigríður, Jón Gunnar

Ætla að hittast á morgun og halda fund.


- i. Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina

Mælikvarðar:

- ii. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- iii. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- iv. Fjölgun erlendra fyrirlesara

Mat á árangri

- 1.Ég upplifi mig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni
- 2.Ég óðlast aukið tengslanet af þátttöku í félaginu
- 3.Stjórnvísí þróast í takt við sibreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnullífsins
- 4.Fagmennska er ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum félagsins
- 5.Viðburðir eru sýnilegir og auglýstir tímanlega
- 6.Ábendingar eiga sér skýran farveg
- 7.Stöðugt er unnið að umbótum
- 8.Framsæknir og hæfir einstaklingar starfa af heilindum fyrir Stjórnvísí
- 9.Framkvæmdastjóri félagsins hefur leiðtogahæfileika, er sýnlegur og virkur
- 10.Stjórnin eflir og viðheldur trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfar skv. stefnu félagsins
- 11.Stjórnvísí er aðlaðandi og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu
- 12.Stjórn félagsins er í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna
(á einungis við þá sem eru í stjórn faghópa)
- 13.Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim
(á einungis við þá sem eru í stjórn faghópa)
- 14.Ég myndi mæla með Stjórnvísí við féлага í minu fagi



Mat á árangri

- 1.Ég upplifi mig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni
- 2.Ég óðlast aukið tengslanet af þátttöku í félaginu
- 3.Stjórnvísí þróast í takt við sibreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnullífsins
- 4.Fagmennska er ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum félagsins
- 5.Viðburðir eru sýnilegir og auglýstir tímanlega
- 6.Ábendingar eiga sér skýran farveg
- 7.Stöðugt er unnið að umbótum
- 8.Framsæknir og hæfir einstaklingar starfa af heilindum fyrir Stjórnvísí
- 9.Framkvæmdastjóri félagsins hefur leiðtogahæfileika, er sýnlegur og virkur
- 10.Stjórnin eflir og viðheldur trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfar skv. stefnu félagsins
- 11.Stjórnvísí er aðlaðandi og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu
- 12.Stjórn félagsins er í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna
(á einungis við þá sem eru í stjórn faghópa)
- 13.Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim
(á einungis við þá sem eru í stjórn faghópa)
- 14.Ég myndi mæla með Stjórnvísí við féлага í minu fagi

